

Nefndasvið Alþingis
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. marz 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki (267. mál)

Félag atvinnurekenda vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar 21. febrúar sl. vegna ofangreinds máls á þingskjali 295.

Tillagan er endurflutt óbreytt frá síðasta þingi. FA vísar til umsagnar sinnar um málið á 149. löggjafarþingi, dags. 22. marz 2019.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal: Umsögn Félags atvinnurekenda um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki (289. mál), dags. 22. marz 2019

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. marz 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki (289. mál).

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. mars 2019, um umsögn félagsins um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki á þingskjali 321.

Efni tillögunnar er að Alþingi feli forsætisráðherra að láta vinna heildstæða úttekt á löggjöf og regluverki hér á landi með hliðsjón af áhrifum á virka samkeppni á markaði. Við vinnuna verði leitað samstarfs við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD). Heimilt verði að áfangaskipta áætluninni, en henni skuli að fullu lokið í árslok 2021.

FA fagnar þessari tillögu og styður framgang hennar. FA tekur undir röksemdir flutningsmanna um jákvæð áhrif virkrar samkeppni á verðlag, nýsköpun og hagvöxt. Félagið hefur um árabíl beitt sér fyrir því að samkeppnismati, af því tagi sem lýst er í greinargerð tillögunnar, verði beitt hér á landi til að stuðla að virkri samkeppni og einföldun regluverks atvinnulífsins. Hefur félagið meðal annars sent stjórnvöldum ítrekaðar tillögur þess efnis og hvatt til þess að samkeppnismati verði beitt bæði á gildandi löggjöf og við mótun nýs regluverks.

FA telur jafnframt eðlilegt að verkefnið verði unnið í samstarfi við OECD. Stofnunin hefur um árabíl bent á mikilvægi þess fyrir efnahag ríkja að hugað sé að áhrifum laga, reglna og stjórnvaldsákvæðana á samkeppni. Í þessu efni hefur OECD mótað verklag við samkeppnismat (Competition Assessment Toolkit). Stjórnvöld geta beitt því til að efla samkeppni eða takmarka samkeppnishindranir sem stafað geta af lögum, reglum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þetta verklag kemur um leið í veg fyrir óþarfa reglubyrði á atvinnulíf, en slík reglubyrði felur alla jafna í sér samkeppnishindranir.

Samkeppnismati OECD hefur m.a. verið beitt með góðum árangri í Portúgal, Grikklandi, Rúmeníu og Mexíkó. Í Ástralíu hefur verið sýnt fram á bein tengsl milli þeirra umbóta sem stjórnvöld þar í landi réðust í til að fækka samkeppnishindrunum og vaxandi hagvaxtar, minnkandi atvinnuleysis og hækkandi ráðstöfunartekna heimila.


Félag atvinnurekenda fagnaði ákvörðun Þórdísar Kolbrúnar Reykafjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, í ágúst 2018 um að framkvæma í samstarfi við OECD samkeppnismat á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu og byggingariðnaðar á Íslandi. Verkefnið hófst formlega nú í marzmánuði og hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið umsýjón með því í samvinnu við Samkeppniseftirlitið. Verkstjórn er hins vegar í höndum samkeppnisdeildar OECD. Áformað er að verkefninu ljúki á 18 mánuðum.

FA hefur bent á að augljóst og nærtækt næsta skref sé að taka fyrir tvær aðrar atvinnugreinar sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur á sinni könnu, það er landbúnað og sjávarútveg. Í báðum greinum eru í gildi víðtækar samkeppnishömlur og full ástæða til að rýna í regluverkið með það að markmiði að leysa umbótaöfl samkeppninnar úr læðingi.

Tillaga FA hefur raunar verið að samkeppnismatinu verði beitt á alla geira atvinnulífsins til að leiða í ljós samkeppnishömlur og koma þeim fyrir kattarnef. Félagið lýsir því eindregnum stuðningi við þá tillögu sem hér er til umfjöllunar og hvetur til þess að hún hljóti samþykki Alþingis.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllt,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. mars 2020

Mál: Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 21. febrúar þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreinda þingsályktunartillögu. Tillagan lýtur að því að Alþingi feli forsætisráðherra að vinna að heildstæðri úttekt á löggjöf og regluverki með hliðsjón af áhrifum á virka samkeppni á markaði.

Íslensk stjórnvöld vinna nú verkefni um samkeppnismat á ferðaþjónustu og byggingariðnaði í samstarfi við OECD. Tilgangur samkeppnismats er að greina gildandi regluhverfi með tilliti til þess hvort að í þeim reglum sem atvinnulífið starfar eftir felist samkeppnishindranir eða óþarfa reglubyrði sem ryðja megi úr vegi. Óþarflega íþyngjandi regluverk sem hamla samkeppni hefur skaðleg áhrif á hagvöxt. Um er að ræða jákvætt framtak af hálfu stjórnvalda til einföldunar regluverks en að mati SA er mikilvægt að fram fari heildstætt mat á íslenskri löggjöf og regluverki. SA fagna því fyrirliggjandi þingsályktunartillögu.

Til þess að einfalda lagaumhverfi er mikilvægt að meta hvort gildandi reglur séu óþarflega íþyngjandi fyrir atvinnulífið og hvort þær þjóni því markmiði sem stefnt var að þegar þær voru settar. Að sama skapi þarf að vera á varðbergi við innleiðingu nýrra reglna. Það þarf að passa að þær flæki ekki reglurammann um of, þannig að erfitt sé fyrir fyrirtæki að framfylgja þeim. Þá þarf að fara fram heildstætt mat á fyrirliggjandi regluumgjörð, þannig að gömlum reglum sé skipt út fyrir nýjar í stað þess að stöðugt sé bætt við þær sem fyrir eru. Það þarf að gæta að því að alþjóðlegar reglur sé ekki innleiddar á Íslandi með meira íþyngjandi hætti en gert er í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Það er mikilvægt að íslenskt atvinnulíf búi við skýrar og góðar leikreglur. Lagaumhverfi og eftirlit má þó ekki vera of íþyngjandi. Það eykur kostnað fyrirtækja sem aftur minnkar svigrúm þeirra til launahækkana og veikir samkeppnishæfni þeirra gagnvart fyrirtækjum í öðrum löndum. Veikari samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs leiðir til þess að störf verða færri en ella og starfsöryggi minna. Fyrirtæki skila minni skattækjum og hið opinbera verður því verr í stakk búið til að standa undir grunnþjónustu sinni við almennig. Einföldun lagaumhverfis atvinnulífsins er því hagsmunamál allra landsmanna og nauðsynlegur þáttur til að bæta kjör og tryggja næga atvinnu.

Í ljósi framangreinds eru SA fylgjandi því að þingsályktunartillagan fái framgöngu og að ráðist verði í heildstæða úttekt á íslenskri löggjöf og regluverki með tilliti til samkeppnishindrana.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir